

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**3. fundur 2018 (78. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 23.03.2018 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir og Þórður Þórðarson ráðgjafar frá Hornsteinum arkitektum ehf sátu fundinn undir liðum 2., 3. og 4.

**1. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**

Með bréfi dags. 19.03.2018 tilkynnti Sigurður Thoroddsen samgönguráðherra úrsögn sína úr skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar.

Sigurður hefur starfað að skipulags- og byggingarmálum á Keflavíkurflugvelli og varnarsvæðum í 50 ár. Þar af hefur hann setið í núverandi skipulagsnefnd og forvera hennar frá árinu 1982.

Nefndarmenn og starfsmenn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar færa Sigurði alúðarþakki fyrir einstaklega gott samstarf á liðnum árum og óska honum velfarnaðar í framtíðinni.

**2. Deiliskipulag Háaleitishlaðs**

Lagt var fram erindi Minjastofnunar Íslands til Hornsteina, dags. 05.03.2018, þar sem fjallað er um varðveislugildi nokkurra tiltekinna mannvirkja á Háaleitishlaði.

Ennfremur voru lögð fram drög að viðbrögðum við erindi Minjastofnunar, dags. 21.03.2018.

Skipulagsnefndin samþykkti að falla frá því að mannvirkið á Háaleitishlaði 20A sé víkjandi í skipulagstillögunni. Skipulagsfulltrúa var falið að senda skipulagsgögnin þannig breytt til Skipulagsstofnunar.

### 3. **Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis**

Skipulagsfulltrúi og ráðgjafar frá Hornsteinum arkitektum kynntu stöðu mála við vinnu deiliskipulags Flugstöðvarsvæðis. Kynntir voru nokkrir valkostir uppbyggingar. Mikil umræða varð um staðsetningu bílaleiga í deiliskipulaginu. Ljóst er að byggingarmagn samkvæmt nýsamþykktu aðalskipulagi takmarkar mjög svigrúm til uppbyggingar á svæðinu og setur þróun þess ákveðnar skorður.

Skipulagsfulltrúa og ráðgjöfum var falið að ræða málið við Skipulagsstofnun.

### 4. **Fálkavöllur 8 – Tankar. Breyting á deiliskipulagi**

Lagt var fram erindi EBK, dags. 22.03.2018, um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fálkavöllur 8. Breytingin felst í því einn stór olútankur verður byggður í stað þriggja minni samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Tankurinn verður hærri en eldra skipulag heimilaði.

Skipulagsnefndin samþykkti að um minni háttar breytingu á deiliskipulagi væri að ræða og fram fari grenndarkynning á tillögunni hjá lóðarhöfum Fálkavallar 23 og 27.

### 5. **Aðgerðaráætlun vegna hávaða**

Skipulagsfulltrúi kynnti úttekt á hávaða við Keflavíkurflugvöll, bæði frá flug- og bílaumferð.

### 6. **Bókun svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja**

Lögð var fram bókun svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja frá fundi nefndarinnar sem haldinn var 29.01.2018 um minnisblað um málþing um íbúðaþróun á Suðurnesjum.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við bókunina.

### 7. **Fálkavöllur 2**

Skipulagsfulltrúi kynnti byggingaráform á lóðinni Fálkavöllur 2. Byggingaráformin eru í samræmi við gildandi deiliskipulag.

### 8. **Aðalskipulag Sandgerðisbæjar – lýsing deiliskipulagsverkefnis**

Undir þessum lið véc Kristinn Halldórsson af fundi.

Lagt var fram erindi Sandgerðisbæjar, dags. 19.03.2018, varðandi lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar. Breytingin felst í stækkun á fyrirhuguðu íbúðasvæði ÍB10 sunnan Sandgerðisbæjar.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

### 9. **Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 4. maí 2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)